

# Samtök orkusveitarfélaga

## 10. stjórnarfundur

Árið 2013, föstudaginn 22. mars kl.10:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til símafundar. Fundinn sátu: Stefán Bogi Sveinsson, Bryndís Gunnlaugsdóttir, Eydís Þ. Indriðadóttir, Dagbjört Jónsdóttir, Eyjólfur Sæmundsson, Gunnar Þorgeirsson, Jens Pétur Jensen og Sveinn Steinarsson.

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson, starfsmaður Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundargerð var færð í tölvu og ritaði Bryndís Gunnlaugsdóttir fundargerð.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Ársreikningur samtaka Orkusveitarfélaga

Á síðasta stjórnarfundinum var samþykkt að senda ársreikninginn til aðildarsveitarfélaga til athugasemda í samræmi við samþykktir. Engar athugasemdir bárust. Skoðunarmenn hafa yfirfarið ársreikninginn og samþykkt hann. Afgreiðslu ársreikningsins er frestað til næsta fundar svo hægt sé að skrifa undir ársreikninginn um leið og hann er samþykktur.

### 2. Fjármál samtakanna

Valur fór yfir fjármál samtakanna. Þar kom fram að öll aðildarfélög hafa greitt árgjald samtakanna.

### 3. Staða verkefna

Verkefnum frá seinasta fundi hafa ekki klárast og verða lögð fram á næsta stjórnarfundinum, það er samantekt frá ráðstefnunni frá síðasta hausti ásamt stefnumótunardrögum.

### 4. Fundur með Landsvirkjun

Landsvirkjun hefur samþykkt að hitta stjórn SO og stefnt er að því að halda þann fund 22. apríl. Áætlað er að hafa stjórnarfund SO sama dag.

### 5. Ráðgjafanefnd um lagningu sæstrengs

SBS fór á málþing um lagningu sæstrengs og fór hann yfir stöðu mála. Ljóst er að mörgum spurningum er ósvarað. Mikilvægt er að fylgjast vel með og að SO sé virkt í þessari umræðu.

### 6. Íslenski jarðvarmaklasinn

SBS mætti á þessa ráðstefnu en það voru um 400 þátttakendur í ráðstefnunni. Það lítur út fyrir að almennt sé verið að tala um að nærsveitarfélagið verði að njóta góðs af auðlindum og nýtingu þeirra. Mikilvægt er að SO taki þátt í ráðstefnum sem þessum til að tryggja sýnileika samtakanna og tryggja að rödd sveitarfélaganna og samtakanna heyrir í umræðunni.

### 7. Fiskur – olía – orka: Hvert á arðurinn að renna?

Almenn ánægja með ráðstefnunna og hversu vel hún heppnaðist. Mjög mikilvægt er að halda umræðunni lifandi um mikilvægi þess að sveitarfélög njóti góðs af auðlindum á sínu svæði. Valur upplýsti stjórnarmenn um að ráðstefnan var tekin upp og upptaka af henni er komin á vefinn. Einnig mun vera fjallað um ráðstefnunna í Tíðindum, fréttabréfi Sambandsins.

### 8. Vorfundur

Vorfundur stjórnar verður 17. maí í Þingeyjarsveit. SBS og DJ munu senda út drög að dagskrá fundarins þegar nær dregur.

Fundi slitið kl.11:00